

Sveitarstjórnarfundur 19. september 2022

Mánudaginn 19. september 2022 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 4. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi. Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Ísabella Benediktsdóttir, Hildur Aradóttir, Arnlín Óladóttir og Franklín B. Ævarsson.

Oddviti setti fund kl. 21:00.
Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Dagskrá 4. fundar:

1. Fundargerð 3. sveitarstjórnarfundar 15.08.2022.
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrir fundir
4. Samvinna sveitarfélaga á Vestfjörðum um barnaverndarþjónustu
5. Rekstur umdæmisráðs á landsvísu
6. Reglur um fjárhagsaðstoð barnaverndarnefndar
7. Deiliskipulag Ásmundarness
8. Umsóknir um starf helgarstarfsmanns við Sundlaugina á Drangnesi
9. Úttekt á brunaviðvörðunarkerfi Grunnskóla Drangness
10. Eftirlitsskýrsla frá heilbrigðiseftirliti Vestfjarða
11. Beiðni Karl Björnssonar, framkvæmdarstjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð:

1. Fundargerð 3. sveitarstjórnarfundar 15.08.2022.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.
Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Fundargerðir nefnda

- a. Fundur Bygginga-, skipulags- og umhverfisnefndar 19.09.2022.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Bygginga-, skipulags- og umhverfisnefndar þann 19.09.2022 að aðalskipulagi Kaldrananeshrepps verði breytt í samræmi við tillögu að deiluskipulagi svæðisins í landi Ásmundarness.
Náttúrulegar aðstæður gera það að verkum að ekki er unnt að uppfylla fjarlægðarkröfu skipulagsreglugerðar frá stofn- og tengivegum og í ljósi þess að Vegagerð gerir ekki athugasemd við deiliskipulag Ásmundarness. Fer sveitarstjórn því fram á undanþágu frá ákvæði reglugerðar nr. 5.3.2.5. um fjarlægð mannvirkja frá vegum.

Sveitarstjórn staðfestir að sótt verði um undanþágu um fjarlægð frá stofn- og tengivegum á grundvelli undanþáguheimilda í reglugerð og felur þjónustufulltrúa að bregðast við.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

- b. Fundur Fjallskilaneftndar 06.09.2022.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

3. Aðrir fundir

- a. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, 139. fundur heilbrigðisnefndar, 01.09.2022.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- b. Aðalfundur Sorpsamlags Strandasýslu, 29.08.2022
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- c. Fundargerð 19. Samráðsfundar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 16.08.2022.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- d. Fundargerð stjórnar Byggðasamlags Vestfjarða, 01.09.2022.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- e. Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Strandasýslu, 07.09.2022.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- f. Samband íslenskra sveitarfélaga, 912. fundur stjórnar, 26.08.2022.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

4. Samvinna sveitarfélaga á Vestfjörðum um barnaverndarþjónustu

Lög um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 tóku í gildi í lok maí þessa árs en helstu breytingar þess eru að umdæmi barnaverndarþjónustu skal vera í það minnst 6.000 íbúar og hafa yfir að skipa sérhæfðu starfsfólki í það minnsta tveim stöðugildum. Að auki þarf að hafa aðganga að félagsráðgjafa, sálfræðingi, lögfræðingi og einum starfsmanni með annars konar uppeldismenntun.

Tillaga er um sameiginlegt teymi barnaverndarþjónustu á Vestfjörðum þar sem félagsmálastjórar félagsþjónustusvæðanna eiga sæti, sem og deildarstjórar eða starfsmenn barnaverndar eftir atvikum.

Tillaga lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að taka til frekari skoðunar barnaverndarþjónustu sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Borið upp og samþykkt.

5. Rekstur umdæmisráðs barnaverndar á landsvísu

Kaldrananeshreppi barst drög að samningi um umdæmisráð barnaverndar sem unnið hefur verið að í samvinnu við önnur sveitarfélög, ráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga. Að auki barst erindisbréf valnefndar og viðauki við samning vegna stofnunar og starfsemi umdæmisráðs barnaverndar.

Drög, erindisbréf og viðauki lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps samþykkir drög að samningi um rekstur umdæmisráðs barnaverndar á landsvísu ásamt viðauka.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps vill benda á launakjör ráðsmanna eru há miðað við laun sérfræðinga almennt, s.s. starfandi lögfræðinga hjá hinu opinbera.

Sveitarstjóra falið að undirrita samning fyrir hönd hreppsins.

6. Reglur um fjárhagsaðstoð barnaverndarnefndar

Reglur um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmannaástoðar sbr. 47 gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 eru lagðar fram til kynningar.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi reglur.

Þjónustufulltrúa falið að upplýsa félagsmálastjóra.

Borið upp og samþykkt.

7. Deiliskipulag Ásmundarness

Kaldrananeshreppi barst umsagnir vegna breytingu á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030 og nýtt deiliskipulag Ásmundarness.

Sveitarstjórn vísar til liðar 2.a. í fundargerðinni.

„Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Byggingar,-skipulags- og umhverfisnefndar þann 19.09.2022 að aðalskipulagi Kaldrananeshrepps verði breytt í samræmi við tillögu að deiluskipulagi svæðisins í landi Ásmundarness.

Náttúrulegar aðstæður gera það að verkum að ekki er unnt að uppfylla fjarlægðarkröfu skipulagsreglugerðar frá stofn- og tengivegum og í ljósi þess að Vegagerð gerir ekki athugasemd við deiliskipulag Ásmundarness. Fer sveitarstjórn því fram á undanþágu frá ákvæði reglugerðar nr. 5.3.2.5. um fjarlægð mannvirkja frá vegum.

Sveitarstjórn staðfestir að sótt verði um undanþágu um fjarlægð frá stofn- og tengivegum á grundvelli undanþáguheimilda í reglugerð og felur þjónustufulltrúa að bregðast við.“

Borið upp og samþykkt samhljóða.

8. Umsóknir um starf helgarstarfsmanns við Sundlaugina á Drangnesi

Kaldrananeshreppur auglýsti eftir starfi helgarstarfsmanns við Sundlaugina á

Drangnesi þann 24.08.2021 á vefsíðu hreppsins og samfélagsmiðlinum Facebook.

Helstu verkefni eru skilgreind sem :

- Öryggisgæsla við sundlaug
- Afgreiðslustörf
- Aðstoð við viðskiptavinum
- Þrif

Hreppnum barst ein umsókn vegna umrædds starfs.

Sveitarstjórn staðfestir ráðningu.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

9. Úttekt á brunaviðvörðunarkerfi Grunnskóla Drangness

Þann 31. ágúst síðast liðinn var gerð úttekt vegna brunaviðvörðunarkerfis Grunnskóla Drangness. Stuðst var við leiðbeiningar nr. 6.038 um sjálfvirka brunaviðvörðun frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Úttektin greinir frá því að kerfið var allt yfirfarið og boðsendingar til stjórnstöðvar prófaðar. Mörg slökkvitæki eru komin á aldur og ekki loga öll neyðarljós.

Úttekt lögð fram til kynningar.

Oddvita falið að bregðast við.

Sveitarstjórn staðfestir.

10. Eftirlitsskýrsla frá heilbrigðiseftirliti Vestfjarða

Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða lögð fram til kynningar og umræðu þar sem við á.

Eftirlitsskýrsla vatnsveitunnar á Drangnesi greinir frá því að sýni úr eldhúsi veitingarstaðarins Malarhorns var tekið. Sýnið stenst kröfur neyðvatnsreglugerðar 536/2001.

Skýrsla lögð fram til kynningar.

11. Beiðni Karls Björnssonar, framkvæmdarstjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 26. ágúst 2022 var lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins um ramma að samkomulagi um samræmda móttöku flóttafólks.

Stjórn sambandsins hvetur sveitarstjórnir til þess að kynna sér efni samkomulagsins og taka afstöðu til þess hvort sveitarfélögin geti tekið þátt í

Þessu mikilvæga samfélagslega verkefni.

Beiðni lögð fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundu slitið klukkan 22:15.